

**Leikskólinn Hnoðraból**

**Borgarbyggð**

# **Skólanámskrá**



## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>7</b>
<b>Saga Hnoðrabóls</b> .....	<b>8</b>
Gildin okkar á Hnoðrabóli.....	9
<b>Grundvöllur leikskólastarfs</b> .....	<b>10</b>
<b>Leiðarljós Hnoðrabóls</b> .....	<b>12</b>
<b>Leikur og nám</b> .....	<b>14</b>
Hlutverk leikskólakennarans .....	14
<b>Fræðimenn og kenningar</b> .....	<b>16</b>
John Dewey .....	16
Rudolf Steiner og Waldorfsuppeldisfræðin.....	16
Leiðtoginn í mér .....	18
<b>Menntun</b> .....	<b>18</b>
<b>Skóli er til að kenna börnum akademísk fræði</b> .....	<b>18</b>
<b>Menntun</b> .....	<b>18</b>
<b>Skólinn er til að þroska allar hliðar persónunnar</b> .....	<b>18</b>
Grænfáni.....	19
<b>Grunnpættir menntunar</b> .....	<b>20</b>
Námssvið Aðalnámskrár og Hnoðrabóls .....	22
Læsi og samskipti .....	22
Heilbrigði og vellíðan.....	24
Sjálfbærni og vísindi .....	25
Sköpun og menning.....	27
<b>Okkar námssvið á Hnoðrabóli</b> .....	<b>29</b>
Málrækt.....	29
Skapandi starf.....	29
Náttúra og umhverfi.....	30
Hreyfing.....	31
Útivera og útinám.....	31
Ræktun og uppskera .....	31
Vísindi og stærðfræði .....	32
Leiðtoginn í mér (LÍM) – The Leader in Me .....	32
Vináttuverkefnið og Blær .....	33
Könnunarleikur.....	33
Menning og nærsamfélag .....	33

Skólahópur .....	34
Samverustundir .....	34
Matmálstímar.....	34
<b>Þemavikur og hátíðardagar .....</b>	<b>36</b>
<b>Samstarf.....</b>	<b>40</b>
Samstarf við Grunnskólann .....	40
Samstarf við foreldra.....	41
Foreldraráð- og félag Hnoðrabóls.....	42
Foreldrafundir .....	42
Þátttökuáðlögun.....	42
Foreldrasamtöl .....	43
<b>Stoðþjónusta .....</b>	<b>44</b>
<b>Mat á leikskólastarfi .....</b>	<b>45</b>
Innra mat.....	45
Ytra mat.....	46
Mat á námi barna .....	46
Hljóm-2 46	
TRAS skráningarkerfi .....	47
Könnun Gerd Strand.....	47
Aðrar matsaðferðir.....	47
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>48</b>



## Inngangur

Leikskólinn Hnoðraból er að Grímsstöðum í Reykholtssdal í Borgarbyggð. Hann er tveggja deilda leikskóli og að jafnaði dvelja þar um 20 börn á aldrinum frá 12 mánaða til 6 ára. Starfsemi leikskólans heyrir undir fræðslunefnd og starfar eftir settum verklagsreglum fyrir starfsemi leikskóla í Borgarbyggð (Borgarbyggð, 2016).

Ný Aðalnámskrá leikskóla var gefin út árið 2011 og var stuðst við hana við endurskoðun skólanámskrá Hnoðrabóls á tímabilinu 2013-2017. Að endurskoðun skólanámskrár Hnoðrabóls komu starfsfólk, foreldrar og börn þar sem markmiðið var að setja skýra stefnu í uppeldi, umönnun og menntun barnanna.

Skólanámskráin á að vera lifandi plagg og leiðandi vegvísir fyrir starfsfólkið til notkunar í sínu daglega starfi og undirbúningi, hún er höfð opin svo hægt sé að útfæra og þróa hana út frá barnahópnum hverju sinni. Skólanámskráin verður aðgengileg á heimasíðu skólans fyrir foreldra og alla aðra sem áhuga hafa á leikskólastarfinu.

Virðingarfyllt

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir

Leikskólastjóri Hnoðrabóli.

Samþykkt 20.október 2016.

Endurskoðuð í júní 2018.

## Saga Hnoðrabóls

Leikskólinn Hnoðraból/Dagheimili Reykholts - og Hálsahrepps var stofnaður af áhugasömum foreldrum í sveitinni 9. september 1982. Fyrstu árin var leikskólinn staðsettur í Smiðjunni í Reykholti og Læknishúsinu að Kleppjárnsreykjum en lengst af var hann til húsa í Litla Hvammi. Reykholtisdalshreppur tók við rekstri leikskólans árið 1986. Árið 1991 keypti hann hús á Grímsstöðum undir leikskólastarfsemina og hefur hann verið þar til húsa síðan. Þegar húsið var keypt var efnt til hugmyndasamkeppni um nafn á leikskólann og Hnoðraból varð fyrir valinu, átti Halldóra Þorvaldsdóttir í Reykholti hugmyndina að því.

Starf Hnoðrabóls hefur verið farsælt í gegnum áratugina og hefur hann notið mikillar velvildar nærsamfélagsins alla tíð. Nærsamfélagið hefur mótað og auðgað starf skólans, hvatt til samskipta, samvinnu og vináttu sem er hverjum skóla afar dýrmætt. Vináttan og samstarf við heiðurshjónin Jóhönnu Steinunni Garðarsdóttur og Guðmund Kristinsson, ábúendur að Grímsstöðum, hefur verið Hnoðrabóli afar gefandi í gegnum áratugina.

## Gildin okkar á Hnoðrabóli

Veturinn 2014-2015 fór fram hugmyndavinna hjá starfsfólki skólans til að ramma inn þau gildi sem Hnoðraból stendur fyrir. Eftir góða ígrundun var eitt sem stóð uppúr, voru allir sammála um að þetta gildi væri leiðarljós Hnoðrabóls og væri búið að skína í gegnum starf liðinna áratuga sem eru orðin MEÐ SÓL Í HJARTA.

- Sólin tákna gleði, jákvæðni, að láta ljós sitt skína og hún er okkar næring á sál og líkama.
- Hjartað tákna hamingju, umhyggju, vináttu, væntumþykju, það er okkar lífæð. Þar þroskast okkar innri maður og færnin til að takast á við áskoranir í lífinu.

Við höfum það að leiðarljósi að ganga inní daginn MEÐ SÓL Í HJARTA og öllum þeim viðfangsefnum sem við tökum okkur fyrir hendur. Börnin eru mjög meðvituð um hvað gildið þýðir, hvernig það getur hjálpað okkur og er það á vörum okkar dagsdaglega í tákni og tali.

Nöfnin á deildunum vísa í gildið, yngri deildin heitir Rauða deild og er merki hennar rautt hjarta, eldri deildin heitir Gula deild og er merki hennar sólin.

Með sól í hjarta og söng á vörum  
við setjumst niður í grænni laut  
í lágu kjarri við kveikjum eldinn  
og kakó hitum og eldum graut



## Grundvöllur leikskólastarfs

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallarhugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga og rita ýmissa heimspekinga og uppeldisfrömuða.

Leikskólinn Hnoðraból starfar eftir lögum um leikskóla (nr.90/2008), en þar kemur fram að leikskólar séu fyrsta skólastigið í skólakerfinu. Leikskólinn skal annast uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri.

Markmið Hnoðrabóls er að hafa velferð og hag barna að leiðarljósi samkvæmt lögum. Nám á að fara fram í leik og skapandi starfi og starfshættir byggja á umburðarlyndi, jafnrétti, kærleika, ábyrgð, lýðræðislegu samstarfi, virðingu og umhyggju.

Samkvæmt lögum um leikskóla eiga meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla að vera:

- a) að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
  - b) að veita skipulagða málörvun og stuðla að góðri færni í íslensku,
  - c) að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
  - d) að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
  - e) að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
  - f) að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.
- (Lög um leikskóla, 90/2008).

Í núgildandi Aðalnámskrá eru sett fram helstu markmið leikskólastarfs ásamt uppeldis- og menntunarhlutverki leikskólans. Helstu hlutverk hennar er að birta menntastefnu stjórnvalda, námskröfur og námsframboð. Að auki markar Aðalnámskrá (2011) starfsramma fyrir starfsfólk leikskólans og veitir nemendum og forráðamönnun upplýsingar um þau viðmið sem skólastarfið byggir á (bls 9-10). Þessi skólanámskrá er okkar útfærsla á Aðalnámskránni (2011) og er jafnframt skoðuðu reglulega.



Á Hnoðrabóli er tekið mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var fyrst tekinn í gildi á Íslandi árið 1992. Í sáttmálanum kemur fram að viðurkenna skal börn sem sjálfstæða einstaklinga sem hafa fullgild réttindi. Jafnframt felur hann í sér grundvallarréttindi barna að 18 ára aldri og þeim ber að veita tryggð, vernd og umönnun (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1992)

## Leiðarljós Hnoðrabóls

Í Aðalnámskrá (2011) kemur fram: „Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Börnum er sýnd virðing og umhyggja og þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans“ ( bls. 32). Sett eru fram leiðarljós í Aðalnámskrá (2011) til að ná þessum markmiðum, störfum við eftir þeim á Hnoðrabóli og þau eru:

- „Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.
- Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.
- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Starfshættir leikskóla eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.
- Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.
- Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.
- Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.
- Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.
- Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmýnd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.
- Í leikskóla á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingarbæra reynslu. Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.

- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja til rannsókna og ígrundunar.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til gagnrýninnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.
- Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákni.
- Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafl sitt og sköpun.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.
- Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.“ (bls. 33-34).

## Leikur og nám

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og er börnum eðlislægur. Á Hnoðrabóli leggjum við áherslu á að skapa tækifæri í leik fyrir börn til að skilja umhverfi sitt, tjá reynslu sína, tilfinningar, hugmyndir og síðast en ekki síst mynda félagsleg tengsl.

Okkar grunngildi er að leikurinn er námsleið barnsins og kennsluaðferð, því er mikilvægt að börnin hafi nægan samfelldan tíma til leikja. Að leika sér er það sama og læra og afla sér þekkingar hjá ungum börnum.

„Leikur leikjanna“ er talinn vera hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur. Þar er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheim, tekur ákvarðanir á eigin forsendum, lærir lausnaleit og fær útrás fyrir tilfinningum sínum. Aðstæður til leikja inni og úti á Hnoðrabóli eru fjölbreyttar sem og efniviður til leiksköpunar.

### Í leik á Hnoðrabóli höfum við það markmið að:

- börnin geti unnið með hugmyndir og gert tilraunir til að öðlast nýja þekkingu og skilning.
- það myndist vettvangur þar sem vakni upp spurningar hjá börnunum og að þau leysi vandamál sínum eigin forsendum.
- skapandi og vitrænir þættir styrkist.
- börnin þurfi að nota fjölbreytta tjáningu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl.
- sköpunarkrafturinn verði virkjaður og löngunin til að læra eitthvað nýtt og bæta við sig þekkingu.

### Hlutverk leikskólakennarans

Leikskólakennari hefur margvísleg hlutverk. Hann á að vera leiðandi í þróun uppeldis- og menntastarfsins á leikskólanum. Hann þarf að fylgjast með og kynna sér nýjungar og miðla þekkingu. Í starfi með börnum á hann að vera góð fyrirmynd og sjá til þess að komið sé fram við öll börn af alúð og að þau séu virt að verðleikum. Leikskólakennarinn á að vera meðvitaður um námsumhverfið og að það sé skipulagt þannig að hægt sé að nýta það sem best (Aðalnámskrá, 2011 bls. 31).

Á Hnoðrabóli er hlutverk allra starfsmanna að:

- skipuleggja daginn vel, forgangsraða þannig hann nýtist sem best og nægur tími sé fyrir leik
- skapa jákvætt umhverfi sem einkennist af gleði, sköpun og tækifærum
- þekkja leikinn og styðja við börnin þannig hægt sé að þróa hann og dýpka
- eiga jákvæð samskipti og tengsl við börnin sem og stuðla að jákvæðum samskiptum á milli barnanna
- efla leiðtogahæfni hvers barns í gegnum hugmyndafræði *Leiðtogans í mér*
- nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu
- vera fyrirmynd barna í orði og athöfnum

## Fræðimenn og kenningar

Hér verður fjallað um þá fræðimenn og kenningar sem móta starfið á Hnoðrabóli. Það eru hugmyndir John Dewey um nám og reynslu, kenningar Rudolf Steiners sem Waldorfsuppeldisfræðin byggir á, stefna og hugmyndafræði Grænfánans og Skóla á grænni grein. Síðast en ekki síst verður fjallað um *Leiðtogann í mér* sem byggir á hugmyndum Steven Covey um Venjurnar sjö.

### John Dewey

Dewey lagði áherslu á reynslu barna og að hún væri menntandi. Til að læra eitthvað nýtt þarf barnið að byggja nýja reynslu ofan á aðra með því að prófa, rannsaka og upplifa. Börn læra með því að framkvæma („learning by doing“), og því er reynsla menntandi (Dewey, 2000). Samkvæmt Dewey eiga skólar að endurspegla samfélagið og börnin eiga að vera virkir þátttakendur í því samfélagi. (Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Nám skal vera skipulagt á forsendum barnanna og umhverfi þeirra þar sem þau fá tækifæri til að ræða efnið, koma með tillögur og prófa, börnin skapa sína eigin þekkingu, eru ekki óvirkir viðtakendur (Myhre, 2001).

Á Hnoðraból eru starfsmenn ávallt vakandi fyrir því hvað vekur áhuga barnanna og spyrja opinna spurninga, jafnframt útbúa aðstæður þar sem börnin fá tækifæri til að öðlast nýja reynslu. Mikilvægt er að mæta börnunum á þeim stað sem þroski þessi er og finna leið fyrir barnið sem hæfir því hverju sinni.

### Rudolf Steiner og Waldorfsuppeldisfræðin

Hugmyndir Rudolf Steiner byggja á skilningi á mannverunni þar sem sem hugur, hjarta og hönd mynda heild. Þessir þættir endurspeglast í námsefni þar sem áhersla er lögð á listræna framsetningu þeirra, fjölbreytni í kennsluháttum og sveigjanleiki í námskrá þar sem barnið er haft í fyrirúmi. Meginmarkmið menntunarfræði Waldorfs er að virkja börn eins vel og hægt er, til að þau skilji og sjái sína leið í gegnum lífið (Mays og Nordwall, 2004)

Kennarinn reynir að umbreyta námi í sköpun sem menntar allar hliðar barnsins- hug, hjarta og hönd.

Umhverfið í leikskólanum á að vera náttúrulegt, kærleiksríkt og skapandi sem gefur barninu tækifæri til athafna sem og þann ramma sem síðan undirbýr það fyrir næstu skref í lífinu (Why Waldorf works, e.d.). Á Hnoðrabóli höfum við bestu aðstæður til náms og leikja í náttúrunni þar sem hann er staðsettur á fjárbújörð.

Við tökum þátt í hagnýtum og listrænum athöfnum sem tengjast hverri árstíð fyrir sig en með því skilyrði að börnin geta auðveldlega tekið þátt í og hermt eftir, til dæmis baka, mála, gróðursetja og skapandi starf. Við höfum gert okkar útgáfu af árstíðarhring sem er ákveðið leiðarljós í okkar starfi og tengist því samfélagi sem við búum í.

Hlutverk kennarans er að taka þátt í að hlúa að krafti ímyndunarafslsins með því að fara með frásagnir og sögur sem og ýta undir frjálsan leik. Með því að leika og taka þátt í ýmsum aðstæðum sem eru sköpun/ímyndun barnsins, hjálpar það þeim að takast á við ýmsar hliðar lífsins á dýpri hátt. Barnið endurskapar upplifun sína og skynjun í leiknum og þar breytist upplifunin í þekkingu og eiginleika (Why Waldorf works, e.d.).

Leikföngin eru búin til úr náttúrulegum efnum. Viður, ull, silkiklútar, könglar, skeljar, steinar og fleiri hlutir frá náttúrunni sem börnin hafa sjálf safnað eru notuð inná deild til að leika með sem og fegra deildina. Dúkkur eru handsaumaðar og með punkta fyrir augu og munn. Þannig getur barnið sjálft ákveðið hvort dúkkan sé glöð, leið, grátandi eða hlægjandi o.sv.frv. (Why Waldorf works, e.d.).

Á Hnoðrabóli eru allar dúkkurnar handsaumaðar af starfsmönnun, foreldrum, ömmum og kvenfélaginu. Dúkkufötin eru prjónuð úr íslenskri ull af íslenskri fyrirmynd. Leikið er með trédót og trémuni og það gjarnan notað sem leikmunur til að segja sögur ásamt silkiklútum sem gerir það að verkum að sagan lifnar við og verður eftirminnilegri. Markmið er að börnin hermi eftir og geri sína útgáfu af sögunni sem styrkir ímyndunarafli og listræna sköpun barnanna sem er í anda Rudolfs Steiner.

## Leiðtoginn í mér

Fjórir leikskólar í Borgarbyggð vinna eftir hugmyndafræði Leiðtogans í mér sem byggir á bókinni „*The 7 Habits of Highly Effective People*“ eftir Steven R. Covey (1989).

Aðalmarkmiðið er að undirbúa börnin fyrir þær áskoranir og tækifæri sem við búum við á 21. öldinni. Áhersla er lögð á leiðtogahæfni, ábyrgð, hugsa í lausnum, aðlögunarhæfni, samskipti, frumkvæði, sköpun, hópavinnu og fjölmeningarlæsi. Börnunum eru gefin tækifæri til að finna leiðtogann í sér og vera besta útgáfan af sjálfum sér.

*Venjurnar 7* eru myndaðar út frá alhliða og tímalausum gildum og tengjast persónulegum árangri sem dæmi má nefna ábyrgð, framtíðarsýn, heiðarleiki, hópavinna, samvinnu og aðlögunarhæfni. Allt þetta á við um einstaklinga óháð menningu eða staðsetningu í heiminum. Jafnframt er lögð áhersla á gagnrýna hugsun, hlustun og markmiðasetningu (What is the leader in me, e.d.). Í kaflanum um okkar námssvið á Hnoðrabóli er fjallað ítarlegra um hvernig við vinnum með *Leiðtogann í mér* í Hnoðrabóli. Hér fyrir neðan er tafla þar sem lýsir úreltum viðhorfum annars vegar og viðhorfum Leiðtogans í mér hins vegar.

Úrelt viðhorf	Viðhorf Leiðtogans í mér
<b>Leiðtogahæfni</b> Leiðtogahæfni er aðeins fyrir fáa	<b>Leiðtogahæfni</b> Allir geta verið leiðtogar
<b>Möguleikar</b> Aðeins sumir hafa góða hæfileika	<b>Möguleikar</b> Allir hafa eitthvað fram að færa
<b>Breytingar</b> Til að bæta skólann þarf að breyta menntakerfinu	<b>Breytingar</b> Framþróun skólans byrjar hjá okkur
<b>Hvatning</b> Kennarinn stjórnar og leiðbeinir námi barnanna	<b>Hvatning</b> Kennarinn gefur börnunum styrk svo þau geti stjórnað námi sínu sjálf
<b>Menntun</b> Skóli er til að kenna börnum akademísk fræði	<b>Menntun</b> Skólinn er til að þroska allar hliðar persónunnar



## Grænfáni

Hnoðraból er Grænfánaskóli sem tekur þátt verkefninu *Skólar á grænni grein* (e.d.). Það er alþjóðlegt verkefni sem eflir umhverfismennt og styrkir menntun til sjálfbærni í skólum. Grænfánanum var flaggað í fyrsta sinn á Hnoðrabóli 12. júní 2014.

### **„Markmið verkefnisins er að:**

- bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- efla samfélagskennd innan skólans.
- auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu.
- tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.“ (*Skólar á grænni grein, e.d.*)

Umhverfisnefnd skólans metur stöðu skólans í umhverfismálum, gerir á hverju ári áætlun um aðgerðir og markmið og sér um að viðhalda og þróa verkefnið áfram í samvinnu við nemendur, starfsfólk og foreldra.

## Umhverfissáttmáli Hnoðrabóls

**Við ætlum að gera allt sem er gott fyrir náttúrunna með sól í hjarta.**



## Grunnþættir menntunar

Í Aðalnámskrá er sett fram menntastefna sem byggir á sex grunnþáttum menntunnar. Það eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og að lokum sköpun.

Grunnþættirnir hjálpa skólum að vinna með samfélagsleg markmið sem og einstaklingsmiðuðum markmiðum. Þeir snúast um að læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru stuðli að því að börn læri að byggja sig upp bæði andlega og líkamlega, að bjarga sér í nútímasamfélagi og vinna með öðrum. Skólastarf, starfshættir, samskipti og skólabragur á að endurspegla hugmyndir grunnþáttana.

Allir sex grunnþættirnir tengjast innbyrðist og eru háðir hvor öðrum í skólastarfinu (Aðalnámskrá, 2011, bls. 14-15). Viljum við gera grein fyrir þeim hér þar sem þeir eru okkar markmið og leiðarljós.

<b>Læsi</b> Meginmarkmið hugtaksins læsi er að virkja nemendur til að umskapa og umskrifa heiminn með sinni eigin merkingu og nota þá miðla og tækni sem völ er á til að bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa.	<b>Sjálfbærni</b> Markmiðið með sjálfbærni og sjálfbærri þróun er að skapa einstaklinga sem eru virkir, meðvitaðir um sín eigin gildi, viðhorf og tilfinninga svo hægt sé að búa við samábyrgt samfélag. Einstaklingar þurfa að geta gert sér grein fyrir hnattrænum áhrifum, náttúru og umhverfi, mannréttindum, fjölmenningu og framtíðarsýn svo fátt eitt sé nefnt.
<b>Lýðræði og mannréttindi</b> Hér er markmiðið að kenna börnum að búa í lýðræðissamfélagi og að bera virðingu fyrir manngildum hvers og eins. Þá er gangrýnin hugsun og ígrundum um grundgildi samfélagsins mikilvæg.	<b>Jafnrétti</b> Að skapa tækifæri fyrir alla til að rækta hæfileika sína, þroskast á eigin forsendum og lifa ábyrgu lífi í lýðræðissamfélagi er markmið hugtaksins jafnrétti. Þá eiga hugtökin skilningur, friður, umburðarlyndi, jafnrétti og víðsýni að lifa í lýðræðissamfélaginu okkar.
<b>Heilbrigði og velferð</b> Markmið hugtaksins er að skólastarfið stuðli að heilbrigði, velferð og vellíðan. Andleg, líkamleg og félagsleg velferð mynda heilbrigða einstaklinga. Áhersla er lögð á heilsueflandi skólastarf og	<b>Sköpun</b> Gagnrýnin hugsun er grundvöllur sköpunar þar sem hún opnar nýja möguleika og aðferðir við allt sem maður tekur sér fyrir höndum. Við sköpun fer maður út fyrir það þekkt og eykur

umhverfi sem hvetur til hreyfingar.	þannig þekkingu sína og leikni. Sköpun felst í að uppgötva, örva forvitni, njóta, virkja ímyndunaraflíð og velta fyrir sér ýmsum möguleikum.
-------------------------------------	--

(Aðalnámskrá, 2011, bls15-23)

## **Námssvið Aðalnámskrár og Hnoðrabóls**

Út frá grunnþáttunum myndast námssvið sem skólustarf og nám skal byggja á (Aðalnámskrá, 2011, bls 41). Námssvið leikskóla eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Hér verður fjallað um námssviðin sem sett eru fram í Aðalnámskrá og þær leiðir sem við á Hnoðrabóli förum til að ná markmiðum Aðalnámskrá.

### **Læsi og samskipti**

Þegar við höfum samskipti notum við ýmsar gerðir af tjáningu, til dæmis tungumálið, margskonar hljóð, snertingu, leikræna tjáningu og látbragð, dans og myndmál. Með jákvæðum samskiptum eflum við félagsfærni og sjálfsmynd barnsins. Læsi tengist samskiptum en við þurfum að geta lesið í aðstæður og umhverfi, tjáð tilfinningar okkar og upplifun sem og skoðanir á ýmis konar hátt. (Aðalnámskrá, 2011, bls. 42).

Á Hnoðrabóli leggjum við áherslu á jákvæð samskipti, gleði og skilningsríka hlustun. Við notumst við Tákni með tali sem flokkast undir óhefðbundna tjáskiptaleið. Það er táknmál án orða en er vissulega notað ásamt tali og hjálpar börnum að tjá sig og efla skilning þeirra á talmálinu. (Jóna G. Ingólfssdóttir, 1999).

### **Markmið:**

- að efla málþroska
- að efla áhuga á íslenskri tungu
- að stuðla að jákvæðum samskiptum
- að efla og þjálfa skilningsríka hlustun
- að þjálfa getuna til að tjá tilfinningar, skoðanir og setja fram hugmyndir
- að hafa læsishvetjandi umhverfi
- að börnin fái tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt
- að nota fjölbreytilegar leiðir til að nálgast og miðla upplýsingum
- að samfélagið og menning skipi stóran sess í daglegu lífi

### **Leiðir:**

- lögð er áhersla á íslenska tungu, að efla orðaforða og að börnin fái að kynnast ýmsum hliðum tungumálsins og ritmálsins

- unnið er með söng, þulur og sögur á fjölbreyttan hátt með áherslu á skilning
- börnin fá tækifæri til að semja sínar eigin sögur, ljóð, þulur og ævintýri
- börnum eru búnar góðar aðstæður til að njóta þess að hlusta á sögur
- sett eru orð á hluti og hafa sjónrænt dagskipulag fyrir börnin
- unnið er markvisst með hljóðkerfisvitund
- farin er lausna- og samningaleiðin
- stuðlað er að því að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt því að styrkja sjálfsmynd hvers og eins
- starfið er nýtt til að efla tilfinningagreind og gefa tækifæri til tjáningar um upplifanir og skoðanir
- börnin eru hvött til að nota fjölbreytta tjáningu, myndlist, leikræn tjáning og sköpun
- fjölmiðlar og margvísleg tækni til fræðslu og sköpunar eru kynnt fyrir börnunum
- áhersla er lögð á íslenska menningu og nærsamfélag ásamt því að kynnast ólíkum menningarheimum

## Heilbrigði og vellíðan

Skólastarfið á að stuðla að heilbrigði og vellíðan allra í leikskólanum. Börnin læra um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Vellíðan hefur áhrif á sjálfsmynd barnsins og jafnframt samskipti þess, umgengni við umhverfið og viðbrögð þess við nýjum aðstæðum (Aðalnámskrá, 2011, bls. 43).

Á Hnoðrabóli störfum við eftir markmiðum landlæknis um heilsueflingu og munum stíga skrefin að verkefninu Heilsueflandi leikskóli. Markmið þess eru að vinna með lykilþætti sem eru hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk (Embætti landlæknis, 2014). Lögð er sérstök áhersla á þessa þætti og eru þeir tengdir skólastarfinu.

### Markmið:

- að börnunum líði vel í leikskólanum, séu glöð og í jafnvægi
  - að allir finni fyrir umhyggju og virðingu í leikskólanum
  - lögð er áhersla á hollt mataræði, hreyfingu, hreinlæti,
  - að njóta slökunar og hvíldar
  - að þjálfar börnin í öryggisþáttum
- að nám fari fram úti sem inni
- að efla félags- og samskiptafærni ásamt vináttu

### Leiðir:

- stuðla að stöðugleika, góðum samskiptum og sýna öllum alúð og vinsemd
- leggja áherslu á að allir eru mikilvægir, allir fá og sýna hver öðrum virðingu
- að hafa hollan, næringaríkan og fjölbreyttan mat
- að rækta grænmeti og neyta
- að hafa skipulagðar hreyfistundir jafnt inni sem úti
- að stuðla að börnin nái færni í perónulegri umhirðu
- að skapa hvíldarstundir á hverjum degi þar sem ríkir ró
- að nýta tækifærin í deginum til að uppfræða börnin um öryggi á hinum ýmsu þáttum
- að nýta nærumhverfið til náms og hreyfingar á markvissan hátt
- að börnin læri að gera sig skiljanleg og setja sig í spora annara sem stuðlar að jákvæðum samskiptum

## **Sjálfbærni og vísindi**

Börn hafa mikla ánægju af að rannsaka og ræða um fyrirbæri í umhverfinu. Þau horfa, snerta, hlusta, bragða, flokka, bera saman og draga ályktanir í gegnum samskipti við umhverfið. Leikskólinn á að ýta undir og styðja við áhuga barnanna útfrá þeirra forsendum. Efla skal vísindalega hugsun og hæfni barna til að koma auga á tengsl, orsök og afleiðingu (Aðalnámskrá, 2011, bls. 44).

Vegna nálægðar Hnoðrabóls við náttúruna hefur starfið lengi verið umhverfismiðað, þar sem lögð er áhersla á umhverfismennt, sjálfbærni og virðingu fyrir náttúrunni og hennar öflum.

### **Markmið:**

- að börnin þekki og skilji hugtakið sjálfbærni
- að börnin séu meðvituð um náttúruna, hringrásir og fyrirbærum, auðlindum og nýtingu þeirra.
- að nýta fjölbreytta tækni til fræðslu
- að auka færni og vekja áhuga á tölum, táknum og mynstrum í umhverfinu
- að börnin læri að sjá möguleikana sem náttúran getur kennt okkur varðandi rými, fjarlægðir, áttir og krafta sem í henni býr
- að börnin læri um lífríki náttúrunnar
- að börnin þekki eiginleika mismunandi efna og hluta
- að börnin geri sér grein fyrir því hvernig við höfum áhrif á náttúruna og hvað við getum gert til að hugsa vel um hana

### **Leiðir**

- að börnin kynnist hugtakinu sjálfbærni með ræktun á grænmeti, flokkun á rusli, endurvinnslu og að nota endurnýtanlegan efnivið í leik og sköpun.
- að fræða og kynna fyrir börnunum hina ýmsu hringrásir og fyrirbæri í náttúrunni til dæmis rigningu, ljóstillífun, ræktun og moltugerð, vind og margt fleira.
- að nota tækni og aðra miðla til að fræðast um náttúruna, til dæmis að fylgjast með sólmyrkva í spjaldtölvunni
- að nýta nærumhverfi Hnoðrabóls til náms með börnunum þar sem þau læra og fá

færni til að rannsaka og kanna ólíka krafta, fjarlægðir, áttir, tölur, tákni og munstur

- að börnin fái markvissa árstíðatengda fræðslu um lífríki náttúrunnar bæði inni og úti þar sem nærumhverfi Hnoðrabóls gefur mjög góð tækifæri
- að börnin vinni og leiki með efni úr náttúrunni til dæmis skeljar, vatn, snjó, steina, sand, trjádumba og trédót, dýrabein, greinar, laufblöð og annað sem býr í náttúrunni
- að vinna með umhverfissáttmálann okkar og Grænfánamarkmiðin, hafa hann sýnilegan og nota sem rauðan þráð í starfinu



## **Sköpun og menning**

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og er sköpunarferlið mikilvægt þar sem sjálft námið fer fram. Í ferlinu er ríkjandi gleði, tjáning og nám, þar fá hugmyndir, tilfinningar og ímyndun að njóta sín. Mikilvægt er að finna leiðir sem ýta undir skapandi hugsun og vinnubragða sem efla sjálfstæði barnsins. Menning er órjúfanlegur þáttur í leik og sköpun þar sem þjóðmenning fær að njóta sín (Aðalnámskrá, 2011, bls. 45).

Á Hnoðrabóli er sköpun fléttuð inni allt skólastarf. Við sköpun gerist eitthvað, barnið uppgötvar, nýtur og eykur forvitni sína og ímyndunarafl.

## **Markmið:**

- að hvert og eitt barn fái notið sín sem best í skapandi ferli með ánægju og gleði að leiðarljósi.
- að börnin fái að kynnst ýmiskonar efnivið meðal annars tækni sem hægt er að vinna með á margvíslegan hátt
- að börnin kynnist fjölbreyttri menningu og geti nýtt í skapandi ferli, til dæmis sögur, þulur, ljóð og ævintýri.
- að börnin njóti þess að tjá sig og upplifa í gegnum fjölbreytileika listarinnar
- að börnin taki virkan þátt í að undirbúa ýmsar hátíðir sem tengjast skólanum, nærumhverfinu og á heimsvísu
- að nýta þann mannauð sem er til staðar í samfélaginu til að auðga starfið með börnunum á sviði menninga og lista

## **Leiðir**

- að styrkja börnin til að finna sínar eigin leiðir til sköpunar og gefa rými til að vinna á sínum forsendum, óháð útkomunni
- að hafa fjölbreyttan efnivið aðgengilegan fyrir börnin, áferð, liti, lögun og efnasamsetningu
- að nota tæknina til að fara skrefi lengra með sköpunarferlið, auðga hugmyndaflugið og víðsýni á hversu langt er hægt að ganga með sköpunina
- að vinna með sögur frá hinum ýmsu löndum, fá foreldra af öðru þjóðerni til að kynna sína menningu

-að efla börnin til að tjá tilfinningar sínar á margvíslegan hátt og nýta til þess allar ólíkar leiðir sköpunar til dæmis myndlist, tónlist, dans, leikræn táning og sagnargerð

-að hvetja börnin til að taka frumkvæði og setja fram hugmyndir sem væri hægt að nýta á hátíðum, til dæmis veitingar, skreytingar, syngja, sýna leikrit og fleira og nýta fjölbreytileikann í menningu umhverfisins

- að fá aðila til að koma með fræðslu inní leikskólann um hin ýmsu málefni, nefna má ullarvinnslu, tónlist og íþróttir. Nærumhverfið er einstakt á Hnoðrabóli þar sem við njótum fróðleiks frá ábúendum á Grímsstöðum og nýtum til náms þar sem dýralífið er fjölbreytt sem samanstendur af hestum, kindum, hundi, kisu, hænum og ýmsum villtum dýrum líkt og fuglum og skordýrum.

## Okkar námssvið á Hnoðrabóli

### Málrækt

Á Hnoðrabóli leggjum við áherslu á málrækt en tungumálið er mikilvægasta tæki mannsins til boðskipta. Með því tjáir hann hugsanir sínar og tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Á fyrstu æviárum barnsins er lagður grunnur að málþroska þess, þá er barnið móttækilegast því er það eitt af mikilvægustu námsviðum barnsins. Hér gerum við markvisst málörvunarskipulag fyrir hvern aldurshóp fyrir sig þar sem áhersla er að þjálfa hljóðkerfisvitund sem felst meðal annars í því að auka orðaforða, hvetja barnið til að tjá sig, segja sögur, fara með þulur, syngja og nota málið á skapandi hátt.

Rannsóknir sýna að börn sem hafa sterka hljóðkerfisvitund eiga auðveldara með lestrarnám síðar (Ingólfur Steinsson, 1999).

Við höfum stuðst við bókina *Markviss málörvun* (Ingólfur Steinsson, 1999) en þar eru settir fram ýmsir hlustunar- og rímleikir, þulur og vísur sem við notum markvisst til styrkja hljóðkerfisvitund barnanna.

Við notumst einnig við bókina *Lubbi finnur málbeinið* sem kennir börnunum á árangursríkan hátt máhljóðin með hreyfingum og hljóðum (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Við leggjum áherslu á að nota tákn með tali og myndir með yngstu börnunum til að efla málþroska og tjáskipti.

Segja má að málrækt gangi eins og rauður þráður í gegnum leikskólastarfið þar sem starfsmenn eru alltaf að nýta tækifærið til málræktar og tjáskipta.

### Skapandi starf

Á Hnoðraból fer fram alls kyns listsköpun jafnt inni sem úti. Lögð er áhersla á gleði, tjáningu og upplifun sem er mikilvægur þáttur í þroska barna. Markmiðið er að efla skapandi og gagnrýna hugsun og styrkja frumkvæði.

### Myndlist

Á Hnoðrabóli vinna börnin ýmist skapandi verkefni í listakjallara, inni á deild eða úti. Verkefnin geta verið fyrirfram ákveðin eða börnin skapa eitthvað sjálf frá grunni á sínum forsendum. Þar er ferlið og gleðin sem ræður ríkjum en ekki endanleg útkoma.

Börnin hafa aðgang að fjölbreyttum og endurnýtanlegum efnivið þar sem þau öðlast færni í að klippa, líma, lita, mála, prófa og gera tilraunir eftir sínu hugmyndaflugi í samvinnu við starfsmenn.

### **Tónlist, dans og leiklist**

Á Hnoðrabóli er hlustað á fjölbreytta tónlist þar sem börnin kynnast ólíkum hljóðum, tónum og takti. Tónlist, dans og leiklist er tengd við sögur og ævintýri og börnin gera tilraunir með hljóðgjafa. Söngur, þulur og vísur er ríkur þáttur í starfi skólans þar sem það er hluti af allri þjóðmenningu. Hér er tónlistin að hluta til árstíðabundin þar sem hún er tengd við líðandi stund. Einu sinni í viku kemur tónlistarkennara sem notast við útgefið tónlistartengt námsefni fyrir leikskólabörn. Dansinn er mikill gleðigjafi og er hann stór þáttur í okkar starfi, hann þroskar samskipti, tal, nærveru, líkamstjáningu, hlustun og síðast en ekki síst hreyfingu og sköpun. Leiklistin kemur víða við í deginum þar sem börnin eru sífellt í margvíslegum hlutverkum og spinna sinn ævintýraheim. Er þeim sköpuð tækifæri svo börnin fái notið sín sem best. Ásamt því taka þau þátt í uppfærslum á leikritum og setja þulur og söng í búning sem sýnd eru á sérstökum hátíðardögum.

### **Náttúra og umhverfi**

Í umhverfi Hnoðrabóls eru endalausir möguleikar sem hægt er að nýta í skólastarfinu því aðstæður hér eru þær bestu sem hugsast getur til náttúrurannsókna og ferða. Nálægðin við náttúruna og sveitalífið er ómetanleg og stutt er að sækja allt hvað varðar búskap og landbúnað. Mikilvægt er að börnin upplifi náttúruna af eigin reynslu, læri að njóta hennar sér til yndisauka, læri að bera virðingu fyrir náttúruna og vinna með náttúruvernd samkvæmt Grænánamarkmiðunum okkar.

Við fylgjumst vel með öllum breytingum á lífríki náttúrunnar og árstíðunum. Í gönguferðum gefst tækifæri til að upplifa náttúruna, finna blóm, smakka hundasúrur, tína laufblöð, skoða trén, fylgjast með fuglunum og fara niður að á. Börnin hafa tækifæri til að fara í fjárhúsin og fylgjast með sauðburði á vorin, gefa hænunum matarafgang, klappa hundinum og kisu, fylgjast með bóndanum á bænum og öllu lífinu á Grímsstöðum sem er fjölskrúðugt.

## Hreyfing

Börn hafa mikla þörf fyrir hreyfingu en hún stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Á Hnoðrabóli er til alls kyns búnaður til að efla hreyfiproska barna. Farið er í að minnsta kosti eina skipulagða hreyfistund í viku. Þegar veður leyfir á sumrin er tækifærið nýtt og hreyfingin færð út, sérstaklega fyrir eldri börnin þar sem plássíð er frekar takmarkað fyrir. Að auki er farið að minnsta kosti einu sinni í viku í göngutúr og oftast ef veður leyfir.

## Útivera og útinám

Útivera gefur tækifæri til hreyfingar, eykur þol og hreyfifærni ásamt því að styrkja mótstöðuafli og auka matarlyst.

Aðstæður á Hnoðrabóli til útiveru eru góðar og fjölbreyttar. Við förum út minnst einu sinni á dag og helst oftast ef veður leyfir. Skipulagðar gönguferðir eru einu sinni í viku en öll tækifæri eru nýtt þegar áhugi og aðstæður leyfa til ferða.

Í göngutúrum er farið á þá staði sem eru í nánasta umhverfi Hnoðrabólis. Í styttri ferðum er farið í útihúsin, í matjurtagarðinn, út á tún eða út í móa svo dæmi séu tekin. Í lengri ferðum er farið niður að Reykjadalssá, á Eggertsflöt í Reykholtsskógi og í átt að Skáneyjarbungu. Þessar ferðir nýtast vel til náms um náttúru og umhverfi, einnig til að læra um form, fjarlægðir, liti og líf. Elstu börnum takast á við skipulögð útiverkefni sem þau vinna með fyrir og eftir gönguferðir.

## Ræktun og uppskera

Með hækkandi sól á vorin hugum við að ræktum ýmissa grasa, plantna og blóma. Við hreinsum úr vermireitnum og grisjum matjurtagarðinn sem er staðsettur í bakgarðinum. Í gróðurhúsinu hjá Steinu höfum við aðstöðu til að gróðursetja salat og blóm sem þurfa að vera inni fyrst um sinn. Í vermireitinn sáum við fyrir gulrótum og þegar veður leyfir setjum við niður salatið úr gróðurhúsinu í bakgarðinn. Jafnframt setjum við niður kartöflur í kartöflugarðinum hjá Steinu. Við erum dugleg að skoða og fylgjast með þegar allt lifnar við og stækkar og stækkar. Á haustin er uppskerutíminn þar sem við tökum upp það sem sett var niður um vorið. Að auki förum við í berjamó og tínum ber. Í matartímum njótum við góðs af því þar sem uppskeran er nýtt í matmálstímum.

## Vísindi og stærðfræði

Börn gera tilraunir frá blautu barnsbeini til dæmis með því að láta hluti detta í gólfið, þau eru hæfir rannsakendur og því ber að viðhalda.

Á Hnoðrabóli fer fram skipulagt vísindastarf í formi vísindaleikja ásamt því eru gerðar tilraunir með allskyns efni og eiginleikar þeirra kannaðir.

Viðfangsefni vísindaleikja eru hraði, ljós, skuggar, speglun, litir, sólin, tunglið, segulmagn, segulkraftar og vatn. Þar læra börnin um eðli ýmissa krafta, fyrirbæri í náttúrunni og fleira. Vísindi eru að auki fléttuð inni annað skólastarf til dæmis göngutúra, frjálsan leik og myndlist.

Börn hafa óþrjótandi áhuga á stærðfræði, til að auka skilning barna á henni eru unnin einföld stærðfræðiverkefni ásamt því að nýta umhverfið, stað og stund. Við notum stærðfræðináms efnið Numicon eða Töluleikur sem gefur börnum möguleika á að finna sínar leiðir til að auka færni í stærðfræði með verkefnum og í leik.

## Leiðtogiinn í mér (LÍM) – The Leader in Me

Megininntak *Leiðtogans í mér* er að hver einstaklingur læri að bera ábyrgð á ákvörðunum sínum og noti þá færni til að móta líf sitt til hins betra.

Út frá innleiðingarferli *Leiðtogans í mér* hafa verið þróaðar aðferðir til að kenna og halda á lofti *Venjunum 7* á Hnoðrabóli. Hluti af þessu eru persónuspjöld og vikuleg/dagleg leiðtogahlutverk barnanna. Á persónuspjöldum þeirra kemur fram myndrænt hvað þeim þykir gaman að gera, í hverju þau eru góð og framtíðarstarf/-sýn. Börnin velja/fá leiðtogahlutverk vikulega/dagleg þar sem þeirra framlag er mikilvægt. Til dæmis vagnleiðtogi (sækir matarvagninn), veðurleiðtogi, dagatalaleiðtogi, bókaleiðtogi og fleira.

Einnig hefur verið þróað ýmist námsefni fyrir kennara og börn tengt *Venjunum 7*. Þar má helst nefna sögurnar um Böðvar björn, Brodd broddgölt, Lilju skúnk, Samma og Soffíu íkorna, Allý fylgífisk og fleiri. Jafnframt er auðvelt að tengja aðrar sögur og þekkt ævintýri við *Venjurnar 7*. Að minnsta kosti einu sinni á ári er haldinn Leiðtogadagur þar sem börnin eru í aðalhlutverki að sýna gestum hvað þau hafa verið að fást við í leikskólanum.

### **Vináttuverkefnið og Blær**

Snemma árs 2016 var farið að vinna með vináttuverkefnið sem er forvarnaverkefni gegn einelti fyrir leikskóla og er á vegum Barnaheill- Save the Children á Íslandi. Verkefnið var tekið fyrst í notkun í Danmörku 2007 og var þróað af Mary Fonden og Red Barnet- Save the children í Danmörku. Þar hefur það skilað miklum árangri. Verkefnið byggir á fjórum grunnildum sem eru umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Blær er stór bangsi sem táknar vináttuna, hann minnir börnin á að gæta hvers annars og er sameiginlegur vinur allra. Börnin fá litla bangsa til að eiga í leikskólanum og hafa þau mörg einnig kallað þá Blær. Þeir bangsar fylgja barninu alla leikskólagönguna og yfir í grunnskólann (Margrét Júlía Rafnsdóttir, 2015).

### **Könnunarleikur**

Í könnunarleik eru börnin að kanna eiginleika allskonar hluta sem og umhverfisins. Markmiðið er að barnið fái að uppgötva hlutina og möguleika með skynfærunum til dæmis lykt, bragð, snerting, sjón og heyrn (Kristín Elva Guðnadóttir, 2003).

Á Hnoðrabóli fara yngstu börnin í könnunarleik. Þeim er boðið í skipulagða stund þar sem er aðgangur að miklum fjölda ólíkra hluta sem þau leika sér með án afskipta fullorðinna á afmörkuðu svæði. Hlutverk hins fullorðna er að fylgjast með og skrá hvernig leikurinn þróast og hvernig börnin kanna og nota efniviðinn. Jafnframt er lögð áhersla á að skoða samskipti, frumkvæði, sjálfstæði og sköpun. Það gefur góða sýn á þroska og hæfni barnsins sem hægt er að nýta í áframhaldandi námi barnsins.

### **Menning og nærsamfélag**

Líkt og kemur fram í Barnasáttmálanum (1992) eru börn virkir þátttakendur í samfélaginu. Til að virkja þau þurfa þau að kynnast samfélaginu og menningunni sem ríkir þar sem og að fræðast um ólíka menningaheima. Nærsamfélag Hnoðrabóls er mjög auðugt og hefur áhrif á nám barnanna og starfs skólans. Það hefur hvatt til samskipta, samvinnu og vináttu sem er hverjum skóla er dýrmætt eins og vináttan og samstarf við ábúendur á Grímsstöðum, við fylgjumst vel með sveitalífinu og sauðburði á vorin. Að auki má nefna að á öskudeginum heimsækja börnin hótelið í Reykholti og þeim er boðið uppá heita snúða og mjólk, um jólin er farið í Reykholtskirkju, slökkviliðið heimsækir okkur og við heimsækjum slökkvistöðina í Reykholti, Einnig höfuð við fengið heimsóknir

frá alls konar fólki, foreldrum, ömmum og öfum o.s.frv. sem tengjast börnunum og starfsfólki sem koma með skemmtilega og áhugaverða fræðslu til okkar.

### **Skólahópur**

Þau börn sem eru á síðasta ári í leikskólanum mynda skólahóp. Til að undirbúa börnin sem best fyrir grunnskólagönguna er lög áhersla á að efla sjálfstæði þeirra í daglegu lífi ásamt tilfinninga- og félagsþroska þeirra. Þau fá sérstök skólaverkefni sem þau glíma við og eru hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskóla lagðar til grundvallar. Sú þekking og viðfangsefni sem börnin fást við verður að grunni sem grunnskólanámið byggir á. Þannig nýtist fyrra nám og reynsla leikskólabarnanna sem best og grunnskólaganga þeirra verður farsæl eins og best verður á kosið. Elstu börnin hafa mikla þörf fyrir að takast á við verkefni sem reyna á færni þeirra bæði andlega og líkamlega, þannig öðlast þau nýja reynslu. Með ýmsum krefjandi verkefnum læra þau að fullvinna verk sín, þjálfra einbeitingu, færni og úthald.

### **Samverustundir**

Fyrir og eftir hádegi eru skipulagðar samverustundir. Þær gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna. Í þeim fer fram ýmiskonar fræðsla tengd til dæmis menningu og listum, stað og stund (dagar og mánuður) og árstíðirnar. Einnig er farið í leiki, sagðar sögur og sungið. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og taka þau virkan þátt í samverustundum. Mikilvægt að hvert barn njóti sín sem best, að það fái tækifæri til að tjá sig og koma sínum skoðunum á framfæri. Í samveru læra börnin að þekkja og treysta hvort öðru sem er grunnur að góðu samstarfi og vináttu. Markmiðin með samverustundum er að stuðla að alhliða námi, að eiga notalega stund saman, að starfa að sameiginlegum markmiðum og eiga góð samskipti.

### **Matmálstímar**

Á Hnoðrabóli er boðið er uppá hollan, næringarríkan og fjölbreyttan mat sem er unnin frá grunni. Við leggjum áherslu á að matartíminn sé notalegur tími þar sem öllum líði vel og hann hefur uppeldislegt gildi. Við matarborðið skapast góð tækifæri til málörvunar þar sem gjarnan fara fram áhugaverðar umræður milli barnanna og reynir starfsmaður að virkja alla. Lögð er áhersla á að börnin læri almenna borðsiði og fái færni til að meta sitt magamál. Einnig læra þau að ganga frá eftir sig eins og þroski og



geta leyfir, það eflir öryggi til sjálfstæðis og sjálfsbjargar. Börnin skiptast á að sækja matarvagna og er það eitt af leiðtogahlutverkefnum barnanna.

### **Hvíld**

Börnin á Hnoðrabóli hvíla sig eftir hádegismatinn, þau yngri sofa en önnur eiga rólega stund, hlusta á tónlist og hvílast. Lögð er áhersla á að skapa notalega og kyrrláta stund. Þessi tími er hverju barni nauðsynlegur því hann stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan og eykur lífsþrótt og úthald.

## **Þemavikur og hátíðardagar**

Hér verður fjallað um þær þemavikur og hátíðisdaga sem við vinnum með á Hnoðrabóli.

### **Tannverndarvika**

Þá fræðumst við um tennurnar og hvað við getum gert til að hugsa vel um þær.

Skoðaðar eru myndir og bækur um tennur og börnin frædd um tannvernd.

### **Hreyfivika**

Hún fer fram í tengslum við alþjóðlega hreyfiviku og er þá áhersla alls kyns hreyfingu og íþróttir. Í lok vikunnar er haldið íþróttamót sem allir taka þátt í og allir vinna.

### **Réttarvika**

Hún er haldin í september. Börnin eru mjög meðvituð um réttir og hvað þær snúast um þar sem margir foreldrar fara í leitir og eru frá í nokkra daga. Við fræðumst um kindina og ull. Þá höldum við smalakaffi þar sem börnin fara með nesti í göngutúr og líkja eftir leitum þar sem þau smala og leita af kindum.

### **Bókavika**

Er nokkrum sinnum á ári. Þá koma börnin með bækur í leikskólann, við skoðum þær saman og eru þær gjarnan lesnar í sögustund.

### **Umferðarvika**

Hún fer fram í október. Þá fræðumst við um umferðarreglurnar og öryggi í umferðinni.

### **Eldvarnarvika**

Fer fram í nóvember. Þá heimsækir slökkviliðsstjóri leikskólann. Hann fræðir börnin um eldvarnir og sýnir þeim slökkviliðsbílinn ef hægt er og stundum er þeim boðið að skoða slökkvistöðina í Reykholti.

### **Aðrir dagar sem við höldum uppá eru:**

#### **Afmæli barnanna**

Afmælisdagur barnanna er stór dagur og ríkir mikill spenningur. Þá búa þau til afmæliskórónu og skreyta. Í ávaxtastund er haldin afmælissamvera þar sem afmælissöngurinn er sunginn og afmælisbarnið er í brennidepli. Afmælisbarnið býður börnunum uppá saltstangir, velur lag til að syngja og leik til að fara í.

## **16.nóvember, Dagur íslenskrar tungu**

Pá bjóða börnin foreldrum sínum í leikskólann og fara með leikrit eða syngja lög eftir íslenska höfunda. Undirbúningur er mikill vikunnar fyrir þar sem miklar æfingar fara fram. Jafnframt útbúa börnin veitingar fyrir foreldra í eldhúsi og baka svokallaðar pinnakökur.

## **Jólin**

Fyrir jólin bjóða börnin foreldrum sínum í leikskólann og baka með þeim piparkökur. Börnin hjálpast að við að útbúa deigið dagana áður.

Við hengjum upp jólaskraut og fjöllum um jólaboðskapinn og hvert og eitt barn útbýr jólagjöf fyrir foreldra sína, pakkar henni inn og býr til merkimiða.

Þegar jólasveinarnir byrja að tínast til byggða hengjum við upp jólasokkana því þeir koma við á Hnoðraból og skilja eftir smá gjöf.

Einnig er farið í heimsókn í kirkjuna í Reykholti þar sem prestur tekur á móti börnunum, segir þeim sögur og bíður uppá góðgæti.

Rétt fyrir jólin er jólamatur þar sem boðið er uppá hangikjöt og meðlæti og ís í eftirrétt. Á þrettándanum er haldið jólaball á vegum foreldrafélagsins þar sem dansað er í kringum jólatréð og jólasveinn kemur í heimsókn. Að lokum er skotið upp flugeldum til að kveðja gamla árið.

## **Þorri**

Á Þorranum fræðumst við um gamlar hefðir, til dæmis matarvenjur og klæðaburð.

Síðan er haldið Þorrablót þar sem börnin fá hefðbundinn þorramat, hefð hefur verið fyrir því að fönndra eitthvað í listakjallara fyrir þorrablótið.

## **Bolludagur, Sprengidagur og Öskudagur**

Á Bolludaginn eru bollur í hádegismatinn og rjólabollur í síðdegishressingu. Fyrir bolludaginn hafa börnin búið til allskyns útgáfur af bolluvendi sem leikið er með þann dag.

Á sprengidaginn er boðið uppá saltkjöt og baunir í hádeginu og sungið „saltkjöt og baunir, tókall.“

Á öskudaginn mæta börn og starfsfólk í búningum. Boðið er uppá andlitsmálningu og börnin skreyta „tunnu“ sem er fyllt af einhverskonar góðgæti. Síðan er kötturinn sleginn

úr tunnunni og haldið öskudagsball. Í hádeginu er pizza í matinn og ræðst svo framhaldið af deginum útfrá aðstæðum hverju sinni hvort farið verður úr húsi að syngja fyrir ábúendur á Grímstöðum og aðra í nærsamfélaginu.

### **Páskar**

Fyrir páskana hugum við að skemmtilegu verkefnum í myndlist þar sem litir páskanna ráða ríkjum og börnin vinna að hinum ýmsu verkefnum sem tengjast páskunum. Löng hefð er fyrir því að borða páskamat og oft hefur verið boðið upp á lambkjöt.

### **Útskriftarfjör og opið hús**

Í lok maí er haldin útskrift fyrir elstu börnin. Þá er foreldrum boðið, sungin eru lög og útskriftaathöfn fer fram. Í kjölfarið af útskriftinni er opið hús þar sem allir foreldrar mæta og geta skoðað hvað börnin hafa unnið að um veturinn.

### **Leiðtogadagurinn**

Á leiðtogadaginn bjóða börnin fólki úr samfélaginu, opinberum aðilum, skólastjórnendum og stjórn foreldrafélagsins. Þá er klukkutíma dagskrá þar sem börnin njóta sín í því að sýna leikskólann, syngja fyrir gesti og bjóða uppá veitingar. Markmiðið með leiðtogadeginum er að draga fram og sýna með stolti fyrir hvað leikskólinn stendur. Börnin fá að sýna leiðtogahæfileika sína og þjálfa þá í leiðinni.

### **Grænfánahátíð**

Þann 12. Júní 2014 flögguðum við Grænfánanum í fyrsta sinn að því tilefni var haldin Grænfánahátíð þann dag.

### **Íþróttadagurinn**

Í tengslum við alþjóðlega heilsuviku höldum við íþróttadag þar sem fer fram íþróttamót. Öll börnin taka þátt á sínum hraða og gleðin ræður ríkjum þar sem börnin hvetja hvort annað. Útbúnað eru ýmsar stöðvar, til dæmis fyrir spretthlaup, langstökk, kúlu/boltavarp og þrautabraut.

### **Sérstakir dagar**

Aðrir dagar sem fléttast inní mánuðina eru furðufata- og búningadagur, útidótadagur, hjóladagur, sápuvíudagur, bíó, litabemadagur, bangsa- og tuskdýradagur, náttfatadagur, hattadagur, vasaljósadagur svo mætti lengi telja en börnin eru dugleg að koma með hugmyndir og taka þátt í að skipuleggja þá.

## Samstarf

Í leikskólum fer fram samstarf við ýmsa aðila sem tengjast börnum á einhvern hátt. Sem dæmi má nefna samstarf við grunnskóla, sérstaklega þann grunnskóla sem börnin munu sækja að lokinni leikskólagöngu. Mikilvægt er að hafa gott samstarf við foreldra svo þeir séu meðvitaðir um hvað fer fram í leikskólanum og til að auðga og efla starfið. Síðast en ekki síst er samstarf við ýmsar stoðþjónustur mikilvæg til að koma til móts við þarfir barna, til dæmis sálfræðing, talmeinafræðin og fleira.

### Samstarf við Grunnskólann

Tilgangur samstarfs milli skólastiga er að tryggja að skólaganga barnanna myndi samfellu og að byggt verði ofan á nám og reynslu þeirra til að geta veitt börnunum öryggi og ný námstækifæri. Í Aðalnámskrám grunn- og leikskóla segir: *Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörnin eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst (2011, bls. 50).*

Leikskólinn Hnoðraból og Grunnskóli Borgarfjarðar, Kleppjárnsreykjadeild hafa útbúið samstarfssamning sín á milli og byggir hann á eftirfarandi markmiðum:

- Að styrkja og efla leik- og grunnskóla
- Að kennarar kynni sér starfsemi hvors annars
- Að gera samvinnuna á milli skóla markvissari

Þessi markmið eru höfð að leiðarljósi þegar samstarfsáætlun er gerð á milli skólanna á hverju ári. Skólahópur heimsækir grunnskólann allt að sjö sinnum á skólaárinu. Þá tekur 1. og 5. bekkur á móti þeim sem vina- og samstarfsbekkur og þau heimsækja jafnframt leikskólann einu sinni á vetri. Kennarar undirbúa samstarfið og ákveða verkefni sem báðir skólar vinna að í samvinnu ásamt því að samræma og byggja ofan á nám barnanna. Foreldrar eru vel upplýstir um tilgang samstarfssamningsins, þeir taka þátt og fá upplýsingar á kynningu og fundi í grunnskólanum. Tekið er fram í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla að *„Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess,*

*Þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnarmiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra.“* (2011, bls. 51).

Skil og miðlun upplýsinga milli leik –og grunnskóla byggir á reglugerð nr. 896/2009, í 1. gr. kemur fram að „Reglugerð þessi tekur til öflunar, meðferðar og vörslu upplýsinga um börn í leikskólum og miðlunar upplýsinga milli leikskóla og milli leik- og grunnskóla. Til þeirra teljast upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir skólagöngu barns í leikskóla og stuðlað geta að því að leikskólinn geti mætt þörfum þess.“

Kennarar beggja skólastiga hittast að vori þar sem leikskólinn miðlar upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir skólagöngu barnsins. Þær upplýsingar koma bæði frá foreldrum og leikskólakennurum. Það er gert með samþykki foreldra þar sem reglum um meðferð, öflun og miðlun upplýsinga er gætt, varðveilsa og og ábyrgð þeirra ásamt reglum um þagnarskyldu.

### **Samstarf við foreldra**

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. (lög um leikskóla, 90/2008). Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna ásamt gagnkvæmri virðingu og trausti í samskiptum sem er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum

Markmið með foreldrasamstarfi er:

- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- að afla upplýsingum um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- að stuðla að þátttöku foreldra í starfi skólans

Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og starfsfólks. Á Hnoðrabóli er upplýsingatafla sem skrifað er á helstu punktar yfir verkefni dagsins, dagatal er gefið út í hverjum mánuði, fréttabréf fjórum sinnum á ári. Tilkynningar og upplýsingar um starfið eru settar inn á heimasíðu eins oft og hægt er ásamt því er facebook síða foreldrafélagsins nýtt þegar þarf að koma mjög aðkallandi upplýsingum á framfæri.

### **Foreldraráð- og félag Hnoðrabóls**

Samkvæmt 11 gr. laga um leikskóla nr.90/2008 skal kjósa foreldraráð við leikskóla og á leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar og fer kosning fram í september á ári hverju þar sem kosið er til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur og ber leikskólastjóra að starfa með foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrá og aðrar áætlanir, fylgjast með þeim og kynna fyrir foreldrum ásamt því að gefa umsagnir um meiriháttar breytingar í leikskólastarfinu. Leikskólastjóri Hnoðrabóls hefur nýtt sér undanþágu til stofnun foreldraráðs til sveitarfélagsins vegna fámennis og því starfar foreldraráðið á Hnoðrabóli sem foreldrafélag líka. Foreldrafélag hefur verið virkt frá 1982, stofnunarári skólans. Helstu markmið þess er að vera stuðnings- og verndaraðili Hnoðrabóls, ásamt því að sjá um margvísleg verkefni og koma að ýmsum viðburðum í skólanum; eins og jólaballi, vorferð, leikhúsferð o.m.fl.

### **Foreldrafundir**

Á hverju starfsári er haldin einn foreldrafundur að hausti. Tilgangur fundarins er að miðla upplýsingum um uppeldisstarfið í leikskólanum, kynna áætlanir og námsleiðir og síðan en ekki síst að gefa foreldrum tækifæri til að skiptast á skoðunum um leikskólauppeldið. Að loknum foreldrafundi hefur sú hefð verið lengi til siðs að foreldrafélagið haldi sinn aðalfund sem hefur gefist vel.

### **Þátttökuaðlögun**

Þegar ný börn hefja sína skólagöngu á Hnoðrabóli ganga þau í gegnum þátttökuaðlögun með sínu foreldri.



Hún fer þannig fram að fyrst er haldinn fundur með foreldrum og starfsfólki þar sem starfsfólkið kynnir sig, deildina og segir frá því sem framundan er. Næst mætir foreldri með barnið og fylgir því fyrstu þrjá dagana. Á fjórða degi mætir barnið og kveður foreldri sitt, á meðan er foreldrið á bakvakt og sækir barnið í fyrra lagi.

*„Hugmyndafræðin á bak við þetta ferli er að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. Öruggir foreldrar = örugg börn. Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum“ (Kristín Dýrfjörð, 2009).*

### **Foreldrasamtöl**

Fyrsta foreldrasamtalið fer fram áður en barnið byrjar þar sem farið er yfir helstu þætti sem mikilvægt er að vita við upphaf skólagöngu. Í þáttökuaðlöguninni skiptast foreldrar og starfsmenn á upplýsingum um barnið og mynda tengsl sem eru mikilvægur grunnur að vellíðan barnsins. Deildarstjórar bjóða foreldrum í foreldrasamtöl tvisvar á ári, annað að hausti og hitt seinni part vetrar. Þar fá þeir upplýsingar um almenna líðan barnsins sem byggðar eru á athugunum um færni og þroska barnsins til náms og leikja. Foreldrum gefst þá tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið heima fyrir og spyrja spurninga. Önnur samtöl eru boðuð eftir þörfum en foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali við deildarstjóra þegar þörf er á.

## Stoðþjónusta

Í leiðarljósum í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram; *“Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu og leitast við að koma til móts við þarfir”* allra ( 2011, bls. 33). Með öðrum orðum, leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri.

Stoðþjónusta í leikskólum byggir á lögum um leikskóla nr. 90/ 2008 og reglugerð þar að lútandi. Börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.

Í gr. 21 um skipulag sérfræðiþjónustu að á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla.

Skólaþjónusta Borgarbyggðar hefur á sínum snærum, sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðing og sálfræðing, þroskaþjálfara og aðra sérfræðinga eftir þörfum. Starfsreglur um sérkennslu og stuðning í leikskólum Borgarbyggðar eru settar með hliðsjón af lögum og reglugerðum um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra og skólastefnu Borgarbyggðar.

Umsjón með sérkennslu á Hnoðrabóli hefur sérkennslustjóri og leikskólastjóri og bera þeir ábyrgð og stjórna skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar ásamt því að veita starfsmönnum ráðgjöf. Lögð er höfuð áhersla á snemmtæka íhlutun, í því felst markvissar aðgerðir sem stuðla að þroskaframvindu og mætir þörfum allra barna.

## Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi skiptist í innra og ytra mat. Innra mat er það sem leikskólinn framkvæmir sjálfur. Ytra mat er það sem utanaðkomandi aðili vinnur til dæmis á vegum sveitarfélagsins, ráðuneytis eða annarra (Aðalnámskrá, 2011, bls. 54). Tilgangur mats er að tryggja að réttindi leikskólabarns séu virt, að farið sé eftir lögum um leikskóla og til að efla gæði náms og leikskólastarfsins (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

### Innra mat

Í leikskólastarfi skal hver leikskóli finna sínar aðferðir til að meta uppeldisstarfið, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Í ársskýrslu um starfsemi leikskólans skal gera grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum innra gæðamats. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla á að vinna innra- og ytra mat eftir þeim markmiðum sem fram koma í lögum, reglugerðum og í aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 4). Matið gefur okkur upplýsingar um hvað þarf að breyta og bæta, skoðar hvar styrkleika og veikleika skólans liggja. Matið er til að nýta til umbóta á starfinu og vera samofið við daglegt starf. Til dæmis fyrirkomulag náms og leikja, samverustunda, útivistar, athafnir daglegs lífs og svo margt fleira.

Allir sem koma að leikskólastarfinu eiga að fá tækifæri til að velta því fyrir sér og með því stuðlað að auknum gæðum. Það með talið leikskólakennarar, starfsfólk, foreldrar og börn (Aðalnámskrá 2011, bls. 55).

Á Hnoðrabóli er starfið í sífelldu endurmati og fer það fram á deildar- og starfsmannafundum þar sem starfið er ígrundað útfrá faglegu sjónarmiði þar sem börnin eru í brennidepli. Á starfsdögum fer fram nám og fræðsla fyrir starfsmenn, þar er vettvangur fyrir þá til að meta gildi, markmið og leiðir sem stuðla að áframhaldandi þróun skólans. Starfsmenn fá starfsmannaviðtal að lágmarki einu sinni á ári við leikskólastjóra, markmiðið er að starfsmaðurinn skoði hæfni sína og þau markmið sem stuðla að þróun hans sem leikskólastarfsmanns. Starfsmönnum gefst kostur á að koma sínum skoðunum á starfinu á framfæri hvenær sem er og auk þess eru lagðar fram starfsánægjukannanir.

Eins og fyrr segir fara foreldsamötöl fram tvisvar á ári þar sem fram fer mat á þroska og líðan barna í samvinnu við foreldra. Þeir eru hvattir til að vera í góðu sambandi og

samskiptum við starfsfólk allt árið. Kannanir eru lagðar fyrir foreldra og starfsmenn annað hvert ár á vegum Skólapúlsins sem metur viðhorf og ánægju þeirra gagnvart ýmsum þáttum leikskólans.

Börnin á Hnoðrabóli taka þátt í matinu með því að láta skoðanir sínar í ljós á margvíslegan hátt. Þannig hafa þau áhrif á mótun starfsins í leikskólanum á lýðræðislegan hátt. Að auki er áhugi þeirra kannaður á hinum ýmsum málefnum og líðankönnun og lög fyrir elstu börn.

### **Ytra mat**

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum eins og t.d. Menntamálaráðuneyti. Þá er skoðað innra mat, mat á skólanámskrá og starfsáætlun skóla, framkvæmd skólastefnu sveitarfélagsins, tölulegar upplýsingar og önnur gögn (Aðalnámskrá, 2011, bls. 55).

### **Mat á námi barna**

„Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan“ (Aðalnámskrá 2011, bls. 46)

Mat þarf að vera einstaklingsmiðað því börn sýna ólíka getu, þekkingu, hæfni og áhuga á mismunandi hátt. Hér verður fjallað um þau matstæki sem stuðst er við á Hnoðrabóli.

### **Hljóm-2**

Á Hnoðrabóli er Hljóm-2 lagt fyrir elstu börnin. Það er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólum. Með hljóðkerfisvitund er átti við að barnið geri sér grein fyrir að tungumál hefur ákveðið form og það skiptir ekki einungis malið hvað er sagt, heldur einnig hvernig það er sagt. Skriflegt leyfi frá foreldrum þarf að liggja fyrir áður en Hljóm-2 er lagt fyrir barnið ásamt heimild til að upplýsingar um niðurstöður fylgi barninu í grunnskólann. Niðurstaða prófsins eru kynntar foreldrum en eru þó aðeins vísbending en ekki endanleg niðurstaða. Þá þarf að vinna með niðurstöðurnar eftir því sem þurfa þykir og jafnvel leggja prófið fyrir aftur ef á þarf að halda.

### **TRAS skráningarkerfi**

Á Hnoðrabóli er einnig notast við TRAS sem er skráningarlisti og heldur utan um málþroska barna á aldrinum tveggja til fimm ára. Með TRAS er hægt að skima eftir málfrávikum og félagsþroska barna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. TRAS skráningarlistinn er athugun á málhegðun og málþroska barna í skráningarformi en ekki próf. Leikskólakennarar sem best þekkja barnið og hafa sótt námskeið svarar spurningunum á skráningarlistanum. Markmiðin með TRAS er grípa inní með markvissri aðstoð ef um frávik eru að ræða, að vera með fræðslu og fyrirbyggjandi ráð fyrir foreldra hvernig best sé að hjálpa barninu og að fyrirbyggja önnur vandamál sem tengjast málþroska.

### **Könnun Gerd Strand**

Á Hnoðrabóli notum við Könnun Gerd Strand, Mat á stöðu 4 ára nemenda. Hann hefur það markmið að stuðla að faglegri og markvissari vinnubrögðum og er huglægur. Þar eru færniþættir eins og gróf- og fínhreyfingar, hegðun, mál- og talvirkni, samskipti og þekking metnir. Niðurstöðurnar geta gefið vísbendingar um að þörf sé á frekari athugunum.

### **Aðrar matsaðferðir**

Við almennt þroskamat er notast við Íslenska Þroskalistann og er hann ætlaður þriggja til sex ára börnum. Þar meta foreldrar mál- og hreyfisvið barnsins. Ásamt því nýtum við Orðaskil- Málþroskapróf sem mælir orðaforða við máltökualdur og metur hvort málþroski mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Nýlega höfum við aflað okkur réttinda til að nýta okkur AEPS-færnimiðað matskerfi. Þar meta foreldrar og starfsmenn leikskólans færni barnsins og velja hvaða færni við ætlum að kenna barninu. Matslistinn gefur okkur góða mynd af styrk- og veikleikum barnsins.

## Heimildaskrá

- Aðalnámsskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (1992). Barnasáttmálinn-um barnasáttmálann. Sótt þann 22. Júní 2015 af:  
<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>
- Borgarbyggð. (2016). Verklagsreglur fyrir starfsemi leikskóla Borgarbyggðar. Sótt af  
<http://borgarbyggd.is/wp-content/uploads/2016/05/VERKLAGSREGLUR-FYRIR-LEIKSK%93LA-BORGARBYGG%93AR-apr%93ADI-2016.pdf>
- Covey, S. R. (1989). The 7 habits of highly effective people. New York:Simon & Schuster.
- Dewey, J. (2000). Reynsla og menntun. (Gunnar Ragnarsson, þýð.). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Embætti landlæknis. (2014). Heilsueflandi leikskólar. Sótt þann 6.ágúst 2015 af  
<http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item23293/Heilsueflandi-leikskoli>
- Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein*. Reykjavík: Mál og menning.
- Ingólfur Steinsson (ritstjóri). (1999). *Markviss málörvun: þjálfun hljókerfisvitundar (3. útgáfa)*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Jóna G. Ingólfadóttir. (1999). „Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir“. *Glæður*, 2(9), 31-37.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar). John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði (bls. 57-72). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristín Dýrfjörð. (2009). Þátttökuaðlögun - nýtt aðlögunarform í leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritsj.). Rannsóknir í félagsvísindum X. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (bls 681-690).
- Kristín Elva Guðnadóttir. (2003). Könnunarleikur: Aðferð sem er að ryðja sér til rúms hjá yngstu börnunum í leikskólanum. *Skólavarðan* 3, 24-25.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.*
- Margrét Júlía Rafnsdóttir (ritstjóri). (2015). Vinátta- Fri for mobberi- Fróðleikur og leiðbeiningar um notkun námsefnisins Vinátta (2.útgáfa). Barnaheill- Save the children á Íslandi.
- Mays og Nordwall. (2004). What is Waldorf education? sótt af  
<http://www.waldorfanswers.org/Waldorf.htm>
- Myhre, R. (2001). Stefnur og straumar í uppeldissögu. (Bjarni Bjarnason, þýð.). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Skólar á grænni grein. (e.d). Sótt af <http://www.graenfaninn.landvernd.is>

What is the leader in me?. (E.d.). Sótt þann 11.júní 2015 af  
<http://www.theleaderinme.org/what-is-the-leader-in-me/>

Why Waldorf works. (e.d.). Preschool And Kindergarten In The Waldorf School. Sótt af  
[http://www.whywaldorfworks.org/02\\_W\\_Education/pre\\_and\\_k.asp](http://www.whywaldorfworks.org/02_W_Education/pre_and_k.asp)